

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

*Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. apríl 1948, nr. 55.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. apríl 1948, nr. 56.

*Auglýsing um staðfestingu endurskoðaðrar stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. maí 1948, nr. 57.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Finnlands og Íslands*, undirskrifuð af utanutanríkisráðherra 10. júní 1948, nr. 58.

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 16. júní 1948, nr. 59.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 60.

*Auglýsing um aðild Íslands að samningi um efnahagssamvinnu Evrópu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. júlí 1948, nr. 61.

*Auglýsing um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, um efnahagssamvinnu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 62.

*Auglýsing um nótuskipti milli Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi beztukjara-ákvæði*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 63.

*Auglýsing um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. júlí 1948, nr. 64.

*Auglýsing um fullgildingu alþjóðapóstsamninga*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 15. júlí 1948, nr. 65.

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi*, undirskrifuð af forsetanum 16. júlí 1948, nr. 66.

*Bráðabirgðalög um innflutningsgjald af benzíni*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 67.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júlí 1948, nr. 68.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Frakklands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. júlí 1948, nr. 69.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Póllands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 70.

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.

76  
7 júní

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 1. þ. m., og ósk hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Lundi að fundarhúsi ungmennafélagsins í Brautartungu.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.